

23. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 2. nóvember 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson í síma og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

Samstarf við Hollustuvernd

G.B. og P.B. hafa ítrekað reynt að ná fundi framkvæmdastjóra Hollustuverndar vegna hugsanlegs samstarfs og samnýtingu tilvonandi starfsmanns FENÚR án árangurs.

G.B og P.B er falið að halda áfram að kanna möguleika á samstarfi við Hollustuvernd.

LCA málið.

I.A. hefur verið í sambandi við HJB, Línuhönnun. Hún telur líklegt að styrkumsóknin muni fá jákvæðar undirtektir. Nánari fréttu er að vænta í lok nóvember.

Starfshópar kynnisferð.

Á dagskrá starfshóps 2. um lífrænan úrgang, úrgangsminnkun og endurvinnslu, er kynnisferð þann 10. nóvember nk. Farið verður austur fyrir fjall og nýja kjötmjölsverksmiðjan heimsótt, urðunarstaðurinn við Kirkjuferjuháleigu skoðaður og plastmótun á Læk í Ölfusi heimsótt. Ragna mun í ferðinni skýra frá sameiningu starfshópa FENÚR. Fararstjóri verður Björn Halldórsson hópstjóri 2. hóps.

Önnur mál.

I.A. greindi frá að drög STENÚR að lagafrumvarpi um endurvinnslu úrgangs er enn í vinnslu, frumvarps drögin hafa verið send til kynningar hjá hagsmunaaðilum. Þau viðbrögð, sem hafa heyrst varðandi hugmyndafræðina að baki drögunum, hafa þótt frekar jákvæð.

Lagahópur FENÚR, stefnir á kynningu frumvarpsdraganna fyrir félagsmenn FENÚR og aðra, sem áhuga hafa á málinu, fimmtudaginn 23. nóvember nk.

Til fundarins verður boðað sérstaklega.

G.B. benti á að gott væri að á heimasíðu félagsins væri aðgengi að upplýsingum um ráðstefnur og sýningar, sem tengdust málaflöknum.

Fundi slitið 16:15

Á.R.